

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Námsmat

Könnun á stöðu námsmats í grunnskólum

Solveig Björk Bjarnadóttir



Kennaraháskóli Íslands  
Kennarabraut, grunnskólakennarafræði  
Maí 2008

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

# Námsmat

Könnun á stöðu námsmats í grunnskólum

Solveig Björk Bjarnadóttir  
250682-5309

Kennaraháskóli Íslands  
Kennarabraut, grunnskólakennarafræði  
Maí 2008

## Útdráttur

Þetta verkefni fjallar um námsmat í grunnskólum. Fjallað er um margs konar námsmatsaðferðir og hvernig má nota þær. Námsmatsaðferðirnar sem hér er fjallað um eru: próf, símat, námsmöppur, leiðsagnarmat, hópviðmiðað mat, markviðmiðað mat, jafningjamat, sjálfsmat og lokamat. Einnig koma við sögu ýmis hugtök tengd námsmati.

Kynntar eru niðurstöður rannsóknar á námsmati í grunnskólum þar sem tilgangurinn var að fá upplýsingar um viðhorf, þekkingu og sýn kennara á námsmati, námsmatshugtökum og námsmatsaðferðum. Þátttakendur rannsóknarinnar voru 92 kennarar, bæði karlar og konur og á öllum aldri. Um var að ræða dæmigerða megindlega rannsókn sem einkenndist af lýsandi tölfræði. Meðal markverðustu niðurstaðna voru að hefðbundin próf eru ennþá notuð mikið í skólum. Einnig vakti það athygli að langflestir sem svöruðu könnuninni höfðu að undanfögnu sótt námskeið um námsmat.

## **Þakkir**

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Meyvant Þórólfsyni fyrir mjög góða leiðsögn og ómetanlega hvatningu og hjálp við skipulagningu og gerð þessarar ritgerðar og rannsóknar. Einnig fær Jóhanna Karlsdóttir þakkir fyrir aðstoð við gerð spurningalista fyrir rannsóknina. Ég vil líka þakka skólastjórnendum og kennurum í þeim grunnskólum sem tóku þátt í rannsókninni og gáfu sér tíma í að svara könnuninni sem ég sendi í skólana.

# Efnisyfirlit

1 INNGANGUR .....	6
2 NÁMSMAT .....	8
3 LYKILSPURNINGAR .....	10
3.1 Tilgangur námsmats .....	10
3.2 Matsþættir .....	11
3.3 Matsniðurstöður .....	12
3.4 Matsaðilar .....	13
3.5 Matsaðferðir .....	13
3.5.1 Formlegt námsmat – próf .....	14
3.5.2 Sívirkt mat .....	16
3.5.3 Námsmöppur .....	16
3.5.4 Jafningjamat .....	18
3.5.5 Sjálfsmat .....	19
3.5.6 Lokamat .....	20
3.6 Álitamál tengd námsmati .....	21
3.7 Réttmæti og áreiðanleiki .....	21
3.8 Megindlegt/eigindlegt .....	22
3.9 Viðmið .....	23
3.9.1 Hópviðmiðað mat .....	23
3.9.2 Markviðmiðað mat (criterion-referenced assessment) .....	23
3.9.3 Viðmiðatafla .....	24
4 NÁMSMAT Í ÍSLENSKUM GRUNNSKÓLUM .....	25
4.1 Þátttakendur .....	25
4.2 Rannsóknaraðferð og tæki .....	25
4.3 Framkvæmd .....	26
4.4 Niðurstöður .....	26
4.4.1 Svarendur .....	27
4.4.2 Stefna skóla um námsmat .....	28
4.4.3 Námsmat í ljósi margbreytileika .....	28
4.4.4 Sýn kennara á eðli námsmats .....	29
5 Umræða .....	30
6 Lokaorð .....	31
Heimildaskrá .....	33
Fylgiskjal 1: Námsmatsblað fyrir kennara .....	35
Fylgiskjal 2: Símatblað fyrir kennara .....	36
Fylgiskjal 3: Jafningjamat - hópvinna .....	37
Fylgiskjal 4: Sjálfsmatsblað - hópvinna .....	38
Fylgiskjal 5: Sjálfsmatsblað fyrir unga nemendur .....	39
Fylgiskjal 6: Flokkunarkerfi Bloom .....	40
Fylgiskjal 7: Viðmiðatafla (rubrics) .....	41
Fylgiskjal 8: Námsmatskönnun .....	42

## Myndir

Fylgiskjal 9: Niðurstöður námsmatskönnunar .....	51
Mynd 1 .....	51
Mynd 2 .....	51
Mynd 3 .....	52
Mynd 4 .....	52
Mynd 5 .....	53
Mynd 6 .....	53
Mynd 7 .....	54
Mynd 8 .....	54
Mynd 9 .....	55
Mynd 10 .....	55
Mynd 11 .....	56
Mynd 12 .....	56
Mynd 13 .....	57
Mynd 14 .....	57
Mynd 15 .....	58
Mynd 16 .....	58
Mynd 17 .....	59
Mynd 18 .....	59

# 1 INNGANGUR

Eftir að hafa stundað nám við Kennaraháskóla Íslands telur höfundur þessarar ritgerðar sig hafa öðlast góða fræðilega innsýn í menntun og eðli hennar og einnig reynslu af því starfi sem fer fram í grunnskólum við upphaf nýrrar aldar. Þar er meðtalið mat á námi nemenda, sem er án efa bæði vandmeðfarið og flókið. Þess vegna er það skoðun höfundar að töluvert reyni bæði á þekkingu og þjálfun kennara þegar námsmat er annars vegar. Margar leiðir er hægt að fara í námsmati og þarf kennari að velja þá leið sem hann telur hæfa best hverju sinni, hvort sem á í hlut hópur nemenda eða einstaklingur. Hann þarf að taka mið af samsetningu nemendahópsins og forsendum þegar hann velur matsaðferðir, aðstæður til mats og matsatriði.

Mikilvægi námsmats felst meðal annars í margvíslegum tilgangi þess, þ.e. að fylgjast jafnt og þétt með námsstöðu og framvindu náms, styðja og hvetja nemendur í námi sínu og að veita nemendum sjálfum, forráðamönnum þeirra og fleirum áreiðanlegar upplýsingar um námsstöðu og námsframvindu. Beita má námsmati á mjög fjölbreytilegan hátt og þótt hefðbundin skrifleg próf séu öflug leið til að meta námsárangur, er nauðsynlegt að beita óformlegri matsaðferðum jafnhliða þeim ef tryggja á réttmæti við túlkun niðurstaðna. Nú á dögum þekkjast fjölbreyttari prófform en áður. Í raun má segja að úrvalið af þekktum námsmatstækjum sé mun fjölskrúðugra nú á dögum en áður þekktist.

Rannsóknarviðfangsefnið hér er tvíþætt. Í fyrsta lagi er ætlunin að kanna hvaða svör fræðin hafa við lykilsurningum um námsmat og hvernig þau skilgreina mikilvæg hugtök tengd námsmati. Sérstaklega verður gerð úttekt á matsaðferðum og matstækjum og þau kynnt.

Í þessari ritgerð verður semsagt fjallað almennt um námsmat og hugtakið útskýrt. Einnig verður fjallað um spurningar sem hafa verður í huga þegar námsmat er annars vegar. Þá verða kynntar leiðir sem hægt er að fara í námsmati og þeim lýst. Námsmatsaðferðir sem lýst verður eru próf, símat, námsmöppur, leiðsagnarmat, hópviðmiðað mat, markviðmiðað mat, jafningjamat, sjálfsmat og lokamat. Í öðru lagi er um að ræða meginlega rannsókn á stöðu námsmats í nokkrum íslenskum skólum. Þar er leitað svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: *Hvernig er námsmati háttað í*

*grunnskólum nú á dögum? Undirspurningar eru: Hvernig aðferðir eru mest áberandi? Hvaða hugmyndir hafa kennarar um mikilvæg hugtök og eðli námsmats? Er greinanlegur munur á hugmyndum kennara um námsmat eftir því hvort þeir hafa sótt námskeið um námsmat eða ekki? Þar á eftir er svo umræðukaflí og lokaorð. Í viðauka er að finna sýnishorn af námsmatsblöðum og myndir með niðurstöðum rannsóknarinnar.*



## 2 NÁMSMAT

Þótt flestir telji sig líklega vita fyrir víst hvað er námsmat, þá hlýtur öllum, sem starfa við skipulag náms og námsmat, að vera hollt að ræða skilgreiningu þess. Almennur skilningur á námsmati er líklega fyrst og fremst bundinn við það að taka próf og gefa eða fá einkunnir. En eins og Derek Rowntree (1999) hefur bent á þá felur námsmat öllu fremur í sér tilraunir til að kynnst hugsun nemandans og grafast fyrir um eðli og gæði þess náms sem hann hefur gengið í gegnum, styrkleika hans og veikleika, áhuga og námshæfileika.

Námsmat felur þannig í sér mat bæði á námsframvindu og námsárangri (Meyvant Þórólfsson 2003). Um er að ræða mat á verkum nemenda t.d. hlutum sem þeir hafa búið til, svörum á prófum o.s.frv. og jafnframt mat á nemendum sjálfum, frammistöðu þeirra, hugsun og hegðun. Námsmat er notað til þess að finna út hvort nemendur hafa náð skilningi á grundvallaratriðum og að meta hverjir geta tekist á við erfiðari verkefni. Matið er svo lagt til grundvallar þegar áframhaldandi nám er skipulagt. Með hefðbundnu námsmati er hættan stundum sú að lögð sé áhersla á að búa nemendur undir próf frekar en lífið. En matið ætti að hjálpa nemendum að þroskast áfram miklu fremur en að kortleggja mistök þeirra (Tomlinson 1999:10). Einnig þarf það að vera hvetjandi og leiða til áhuga nemenda á að læra meira. Í kennarahandbók með nýlegu námsefni í stærðfræði fyrir yngsta stig grunnskóla, Einingu 3, eru nefnd nokkur atriði um námsmat og hlutverk þess. Þar kemur m.a. fram að námsmat þurfi að:

- Ýta undir námsáhuga nemenda
- Veita nemendum sjálfstraust
- Gefa upplýsingar um viðhorf nemenda gagnvart náminu
- Gefa upplýsingar um skilning nemenda og hvernig þeim tekst að yfirfæra hann
- Veita gott yfirlit yfir það hvernig nemendur nálgast þau markmið sem sett voru
- Meta stöðu nemenda og segja til um framfarir
- Veita nægar upplýsingar til að hægt sé að skipuleggja áframhaldandi kennslu

(Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir 2000:17).

Þótt hefðbundið formlegt námsmat gegni stóru hlutverki við að meta námsframvindu og námsárangur er mikilvægt að hafa í huga að við metum einungis hluta af því sem máli skiptir með þeim hætti (Guðbjörg Pálsdóttir o.fl. 2002:3). Mikilvægt er að kennarar átti

sig á hversu vandmeðfarið það er að átta sig á hvað nemendur hafa í rauninni tileinkað sér í náminu og hversu flókið það getur verið að sníða námsmátið þannig að það gefi sem réttasta mynd af getu einstaklingsins. Matsaðferðir eru mikilvægur hluti af kennslu og það hlýtur að teljast áriðandi að gera nemendum skýra grein fyrir þeim ásamt viðmiðum sem notuð eru hverju sinni. Sá kennari sem er vel vakandi í skólastofunni og fylgist vel með því námi sem þar fer fram ætti að eiga auðvelt með að meta þær framfarir sem hver og einn nemandi sýnir. Með því að fylgjast skipulega með námi nemenda öðlast kennarinn vitneskju sem hjálpar honum við skipulagningu kennslunnar. Það að kennari fylgist með nemendum sínum vinna gefur honum sjálfum ekki einungis upplýsingar um nemendurna heldur veita viðbrögð hans nemendum upplýsingar um hvernig þeir standa sig og geta virkað sem hvatning til náms.

Þannig má segja að námsmat sé margbreytilegt í eðli sínu og leiðirnar til að meta því margar, en þær virðast mismikið notaðar í skólum landsins. Það fer mikið eftir kennurum, menntun þeirra og reynslu, hvaða námsmatsaðferðir þeim er tamt að nota hverju sinni. Flestir, ef ekki allir, kannast við hina hefðbundnu matsaðferð sem kallast próf og einkunnagjöfina sem þeim fylgja. Færri þekkja hinsvegar sívirkt mat, sjálfsmat, jafningjamat, hópviðmiðað mat, markviðmiðað mat eða námsmöppur og þær leiðir sem má fara í að birta og fjalla um niðurstöður slíks mats. Óhætt er að segja að þessar aðferðir séu að ryðja sér til rúms í skólum nútímans. Námsmat nú á dögum birtist sem sagt í mörgum formum en er ekki einungis bundið við hefðbundin próf og tölulega einkunnagjöf eins og þekktist vel mestalla síðustu öld. Þannig hefur verið bent á að námsmat þurfi að virka sem góð endurgjöf fyrir nemendur, virkji þá í eigin námi og bæti sjálfsálit þeirra auk þess að nýtast sem vottun um námsárangur við lok námstíma líkt og samræmd próf gera (Ingvar Sigurgeirsson 1998, Marsh 2004).

### 3 LYKILSPURNINGAR

Til að námsmat verði sanngjarnt og sýni rétta mynd af námsárangri er mikilvægt að vanda vel til þess. Af þeim sökum hefur Derek Rowntree (1999) benti á mikilvægi þess að kennarar og aðrir sem koma að skipulagi náms, kennslu og námsmats taki til umræðu ákveðin grundvallaratriði eða lykilspurningar og fari í saumana á þeim áður en ákvarðanir eru teknar um matsþætti og matsleiðir. Meðal þess sem hann nefnir í þessu sambandi eru eftirfarandi spurningar:

1. Af hverju erum við að meta?
2. Hvað ættum við að meta?
3. Hver eða hverjir ættu að meta?
4. **Hvernig ættum við að meta?**
5. Hvað eigum við að gera við niðurstöðurnar að loknu matinu?

Spurning fjögur er sérstaklega merkt hér sökum þess að matsaðferðir eru sá þáttur í námsmati sem hvað mesta athygli hafa fengið. Í henni felst ekki eingöngu það hvaða aðferðum eða matstækjum ætti að beita, heldur einnig spurningarnar: Hvenær á að meta? Hve oft og hvar? Rowntree bendir á að svar við einni spurningu hljóti að hafa áhrif á það hvernig maður svarar hinum. Til dæmis hefur svarið við fyrstu spurningunni augljóslega áhrif á svörin við öllum hinum. Þess vegna er mikilvægt að hafa allar þessar spurningar í huga þegar námsmat er skipulagt og hugsa um svörin við þeim í heildarsamhengi. Þó sé ekki nauðsynlegt að svara þeim öllum lið fyrir lið nánast eins og gátlista, heldur meira að hugsa um þær og ræða. Því ef spurningarnar eru ofarlega í huga kennara við skipulagningu námsmats, þá sé líklegra að námsmatið verði faglegra og betra í alla staði.

#### 3.1 Tilgangur námsmats

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að megingilgangur námsmats sé „að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Námsmat á að veita nemendum og foreldrum og forráðamönnum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms“ (*Aðalnámskrá grunnskóla* 2006:16).

Í skrifum um tilgang námsmats má finna margvíslegan annan tilgang allt eftir því hvert samhengið er. Colin Marsh segir að tilgangur námsmats sé sá að greina lærdóm nemenda og framvindu náms þeirra (Marsh 2004:49-50). Einnig að hvetja nemendur áfram í náminu og gefa þeim einkunn/umsögn. Það að greina lærdóm nemenda hjálpar þeim að sjá og skilja veikleika sína og þá er auðveldara að vinna á þeim.

Tilgangurinn með námsmati er semsagt að leiðsegja nemendum í námi sínu á meðan þeir eru að læra, orðið leiðsagnarmat (e. *formative assessment*) hefur verið notað í þessum tilgangi. En leiðsagnarmat er mat sem notað er á meðan á kennslu stendur til að fylgjast með námsferlinu. Það hefur þann tilgang að veita bæði kennara og nemendum stöðuga endurgjöf um það hvernig námið gengur. Bæði um það sem gengur vel og það sem betur mætti fara. Þetta mat er semsagt notað til að fylgjast með bæði náms- og kennsluferli. Það er gott fyrir nemendur að vita hvað gengur vel hjá þeim í náminu því það veitir þeim bæði styrk og umbun. Einnig er nauðsynlegt að fá að vita hvað gengur ekki eins vel svo hægt sé að bæta það. Með leiðsagnarmati fær kennarinn líka endurgjöf á hvernig kennslan gengur þannig að hann getur séð hvað gengur vel og hvað bæta má.

Niðurstöður leiðsagnarmats eru yfirleitt ekki notaðar til að ákveða umsögn eða einkunn vegna þess að þær eru notaðar til að bæta kennslu og nám (Gronlund og Linn 1997:29-30). Í leiðsagnarmati eru sérstaklega hönnuð próf mikið notuð. Það eru oftast próf sem kennarinn útbýr sjálfur, en geta líka verið próf sem fylgja með kennsluefni/kennslubókum. Prófin eru svo notuð eftir hvern kafla eða námsáfangna sem lokið er. Þannig er með góðu móti hægt að fylgjast með framvindu nemenda í náminu og hvort kennsla kennarans er að skila sér á réttan hátt til nemenda.

### **3.2 Matsþættir**

Þegar verið er að meta nemendur þarf að setja fram ákveðin markmið varðandi kennsluna og námsmatið. Semsagt, það þarf að ákveða hvaða þættir það eru sem verið er að meta hverju sinni. Samkvæmt flokkunarkerfi Blooms og félaga skiptast mannlegir hæfileikar á þrjú megin svið sem eru: þekkingasvið, viðhorfa- og tilfinningasvið og leiknisvið (Ingvar Sigurgeirsson 1999:19-20). Á þekkingasviði eru markmiðin þau að þjálfja hjá nemendum vitsmunalega hæfileika, rökleikni og hugsun. En á viðhorfasviði er

leitast við að rækta með nemendum jákvæð viðhorf og áhuga og þroska þá tilfinningalega. Svo á leiknisviðinu er líkamleg færni og allt sem henni við kemur aðalmarkmiðið. Markmiðum hvers sviðs er svo skipt niður í þrep (Fylgiskjal 6). Þar eru fyrst talin upp einföldustu markmiðin en síðast þau erfiðustu sem gera mestar kröfur til nemenda. Fram kemur hjá Bloom og félögum að til að nemendur nái markmiði á einu þrepi þá þurfi þeir að vera búnir að ná þeim markmiðum sem á undan komu. Kerfið er þannig stigskipt og innbyrðis tengt. Þetta flokkunarkerfi hefur þann megintilgang að efla meðal kennara skilning á gerð og eðli markmiða. Jafnframt hefur flokkunarkerfið þann tilgang að auðvelda kennurum að setja markmið með kennslunni. Þar sem nemendur hafa marga mismunandi eiginleika þá er mikilvægt að það reyni á þá flesta í skólastarfinu og að sama skapi séu þeir allir teknir inn í námsmat.

### **3.3 Matsniðurstöður**

Niðurstöður sem fást úr námsmati eru notaðar til að sjá hvar nemandi er staddur í sínu námi og hjálpa honum að ná betri námsárangri ef þess þarf. Einnig eru þessar niðurstöður notaðar til að miðla til foreldra, forráðamanna, kennara og stundum annara skólastofnana um námsárangur nemenda. Margir skólar nýta sér vefsvæði Mentors til að koma á framfæri upplýsingum til foreldra/forráðamanna um námsárangur nemenda (Mentor ehf. án árs). Eins og fram kemur á vefsíðu Mentor þá er þægilegt og fljótlegt fyrir kennara að setja inn alls konar upplýsingar er við koma hverjum nemanda t.d. upplýsingar um einkunnir, námsmat o.fl. Á Mentor hafa svo foreldrar/forráðamenn greiðan aðgang að upplýsingum er við koma sínu barni. Einnig kemur fram á vefsíðu Mentor að auknar kröfur á upplýsingaflæði til foreldra nú til dags, t.d. um námsmat geri það að verkum að nauðsynlegt sé fyrir kennara að koma þessum upplýsingum til foreldra/forráðamanna. Til þess er vefsíða Mentor einmitt ætluð, að auðvelda kennurum vinnu sína í að koma upplýsingum um nemendur áfram til foreldra/forráðamanna.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru niðurstöður úr námsmati meðal annars nýttar til að skipuleggja áframhaldandi nám nemenda (Aðalnámskrá grunnskóla 2006:16). Einnig örva matsniðurstöður nemendur í sínu námi og hvetja þá til að leggja jafnvel enn meira á sig. Niðurstöðurnar sýna líka kennurum og foreldrum hvar nemendur eru staddir í náminu.

### 3.4 Matsaðilar

Í skólum nú á dögum eru það kennarar sem meta nemendur. Námsmat er yfirgripsmikið og stundum flókið verkefni og vefst það oft mikið fyrir kennurum hvernig sé best staðið að því (Ingvar Sigurgeirsson 1998). Nú orðið eru hins vegar til margs konar matsaðferðir þannig að allir kennarar ættu að finna eitthvað sem hentar þeim og þeirra nemendum við námsmatið.

### 3.5 Matsaðferðir

Mikilvægt er að nemendur sjái árangur námsins á einhvern áþreifanlegan hátt. Með skapandi verkefnum fá listrænir hæfileikar nemenda að njóta sín í bland við hefðbundið bóknám og því fá nemendur tækifæri til að sýna hæfileika sína á fleiri sviðum en því bóklega. Einnig er góð hugmynd að nota námsmöppur þar sem nemendur safna verkefnum sínum í möppu yfir misserið og leggja úrval úr vinnu sinni fram til mats. Kennari þarf að vera vel vakandi á meðan á náminu stendur og fylgjast vel með vinnu nemenda sinna. Til að meta nemendur er hægt að nota ýmsar aðferðir t.d. að horfa á nemendur vinna, hlusta á þá, nota gátlista, spyrja nemendur spurninga, skapa umræður o.fl. Það skiptir miklu máli hvernig kennarinn spyr nemendur og einnig að hann gefi þeim tíma til þess að svara.

Það að fylgjast með námi nemenda með athugunum, framkvæma mat og skrá niður framfarir þeirra og hverjar þarfir þeirra eru, skipar stóran sess í vinnu grunnskólakennara (Moyley 2000:196). Nýir kennarar verða að ná tökum á því að meta vinnu nemenda og skrá niður framfarir þeirra sem fyrst. Þetta er gert til að hægt sé að nota matið til þess að tengja saman kennslu og nám. Það er engin ein leið betri en önnur við að skrá niður og fylgjast með framförum og árangri í námi fyrir bæði kennara og nemendur. Heldur er það númer eitt að forgangsraða hlutunum. Kennarar verða sjálfir að finna hvaða matsaðferð hentar þeim best við að meta nemendur í vinnu sinni.

Með aukinni reynslu verður auðveldara að átta sig á hvernig mat tengist kennslu og námi og sérstaklega hvernig skrár kennara og nemenda geta gefið upplýsingar sem hjálpa kennaranum að laga og skipuleggja kennsluna að þörfum hvers og eins. Það tekur tíma að öðlast sérfræði kunnáttu í að meta og halda skrár, alveg eins og í öðrum þáttum kennslunnar.

Matsaðferðir eru margar og mismunandi og einnig mis mikið notaðar í skólum nú til dags. Það eru til margar og fjölbreyttar aðferðir til að nota við námsmat og verða nokkrar þeirra kynntar hér á eftir.

### **3.5.1 Formlegt námsmat – próf**

Próf eru hefðbundin og vel þekkt matstæki sem hafa lengi verið notuð við mat á nemendum (Meyvant Þórólfsson 2003). Þau eru jafnframt algengasta aðferðin sem kennarar hafa notast við til að meta námsárangur nemenda í gegnum tíðina. Hefðbundin próf eru góð og gagnleg matstæki ef þau eru vönduð og vel samin. Þau hafa líka meira réttmæti og áreiðanleika en margar aðrar matsaðferðir, ef þau eru notuð í réttu samhengi og vel samin. Próf geta t.d. verið skrifleg, munnleg eða verkleg.

Skrifleg próf þekkja flestir þannig að nemendur lesa fyrir próf og mæta svo og hafa einhvern ákveðinn langan tíma til að leysa prófblaðið. Þetta getur verið mjög stressandi fyrir nemendur sem hafa þá áhyggjur af að þeir muni ekki allt efnið sem þeir lásu. Þannig að nemendur eru stundum haldnir miklum prófkvíða sem er ekki gott. Nú á dögum er vitað um aðrar óhefðbundnar útgáfur af þessum skriflegu prófum. Það eru til að mynda samvinnupróf, heimapróf, svindlpróf, gagnapróf og sýnipróf. Öll þessi óhefðbundnu próf hljóta að hafa þá kosti að þau draga verulega úr prófkvíða hjá nemendum og auka ánægju þeirra og gleði. Til dæmis gæti það aukið sjálfstraust að undirbúa sig fyrir prófið með bekkjarfélaga eða bekkjarfélögum og leysa það svo í samvinnu við þá. Einnig hvetja slík próf nemendur til dáða og auka líka áhuga þeirra á námsefninu. Svo eru þessi próf líka einstaklingsmiðaðri en þau hefðbundnu.

Samvinnupróf eru þannig að nemendur mega hjálpast að við að leysa prófið saman í hóp (Hjallaskóli 2008). Með þessu læra nemendur samvinnu og það að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvað sé rétta svarið við spurningunum. Samvinnupróf hafa helst þá galla að frekasti nemandinn í hópnum ræður hugsanlega frekar ferðinni. Einnig er líka hætt á að það leynist farþegar í samvinnuprófshópum, en það eru nemendur sem leggja ekkert til málanna og hjálpa ekkert til við að leysa prófið. Ef það er feiminn en klár nemandi í samvinnuprófshópnum þá gæti hann verið að fá lægri einkunn en ef um einstaklingspróf væri að ræða. Vegna þess að sökum feiminnar þá þorir hann ekki að standa fast á sínu svari við hópinn, þótt hann viti að það er rétt.

Heimapróf fara þannig fram að nemendur taka prófin heima hjá sér í ró og næði (Hjallaskóli 2008). Það er hægt að hafa spurningar á heimaprófum þyngrri en á venjulegum prófum því nemendur geta notað bækur og glósur sér til aðstoðar. Gallinn við heimapróf er að kennari veit ekki hver tekur prófið, það gæti t.d. verið einhver úr fjölskyldu nemandar en ekki hann sjálfur. Einnig gætu nemendur afritað svörin á prófinu annars staðar frá. Einnig er galli að sumir nemendur læra ekki fyrir heimapróf.

Svindlpróf eru þannig að nemendur mega koma með t.d. eitt handskrifað A4 blað af glósum með í prófið (Hjallaskóli 2008). Nemendur læra þannig glósutækni og þjálfast í að lesa texta og skrifa niður mikilvægasta efnið. Nemendur halda yfirleitt að þeir séu að sleppa auðveldlega frá svona svindlprófum. En í raun eru nemendur að læra meira en þeir halda með því að sigta út og skrifa mikilvægustu glósurnar á eitt A4 blað. Helsti galli svindlprófa er heitið „svindlpróf“, sem kanna að hafa þau áhrif að foreldrar eða aðrir telji að verið sé að kenna börnunum að svindla og eru þess vegna ekki ánægðir með þessi próf.

Gagnapróf fara þannig fram að nemendur mega koma með námsbækur með sér í prófið (Hjallaskóli 2008). Svo mega þeir nota bækurnar til aðstoðar við sig meðan þeir leysa prófið. Með þessu læra nemendur að skipuleggja námsefnið sitt og finna út aðalatriði í texta. En gallinn er sjá að sumir nemendur læra ekkert fyrir svona próf því þeir vita að þeir mega hafa bókina með. Það getur komið sér illa fyrir t.d. hæglæsa nemendur að læra ekkert og ætla svo að fara að lesa bókina í prófinu til að finna svörin, því það er ekki endalaus tími.

Sýniprof eru þannig að nemendur fá að sjá prófið í nokkrar mínútur daginn áður en þeir eiga að leysa það (Hjallaskóli 2008). Með þessu geta nemendur reynt að sigta út þau atriði sem koma á prófinu og svo reynt að undirbúa sig undir að svara þeim. Þessi prófagerð þjálfar minni nemenda því að eftir að þeir hafa skoðað prófið þá reyna þeir að muna allar spurningarnar og skrifa þær niður. Það er líka jákvætt að nemendur læra vel fyrir svona próf með því að lesa námsbækur og finna svörin við spurningunum. Gallinn er aðallega sá að námsefni sem ekki verður prófað úr verður útundan því nemendur sleppa því að lesa það fyrir prófið.



Munnleg próf eru eins og nafnið gefur til kynna próf sem fara fram munnlega. Þá koma nemendur einn og einn í einu í próf til kennara og tala munnlega um námsefnið.

Kennarinn spyr gjarnan spurninga eða biður nemendur um að lýsa einhverju tilteknu atriði úr námsefninu. Stundum fá nemendur að draga eitthvað eitt atriði sem þeir eiga að fjalla um í prófinu. Þá fá nemendur að draga atriðið nokkru áður en þeir fara í prófið og geta þá undirbúið sig betur. Eða þá að nemendur draga eitt atriði þegar inn í prófið er komið og eiga að fjalla um það beint án frekari undirbúnings. Munnleg próf geta semsagt verið með ýmsum hætti.

### 3.5.2 Sívirkt mat

Sívirkt mat (e. *ongoing assessment*), stundum einnig nefnt símat, er matsaðferð sem fer þannig fram að nemendur eru metnir af og til yfir önnina/námstímamann í staðinn fyrir að fara bara í eitt lokapróf í lokin. Hægt er að meta nemendurna jafnt og þétt með því að kennarinn fylgist með þeim vinna verkefni og fleira. Svo metur kennarinn þá með því að fylla út sérstaka gátlista sem til eru í ýmsum mismunandi útgáfum (Fylgiskjal 1). Þegar kemur svo að því að gefa nemendum umsögn/einkunn í lok námstímans þá er mjög þægilegt fyrir kennarann að nota sívirka matið sér til aðstoðar við umsögn/einkunn hjá hverjum nemanda. Það er nauðsynlegt fyrir kennara að skrifa hjá sér jafnóðum yfir veturinn hvernig nemendur standa sig því annars er hætt á að kennari gleymi því. Þannig er líka hægt að bera saman mismunandi námstímabil hjá einum nemanda í einu. Með því er hægt að athuga hvort einhver framför hafi orðið í náminu eða jafnvel afturför, sem þarf þá að laga.

Það er sérstaklega þægilegt að nota símat þegar meta á nám og vinnu ungra nemenda (Moyley 2000:210). Kennari skráir þá hjá sér hvað nemendur gera t.d. hvernig nemendur nálgast viðfangsefni, eru aðrir nemendur þátttakendur í því, hversu lengi héldu þeir sér við efnið, truflar návist kennara nemendurna o.s.frv. Kennari gæti á auðveldan hátt skráð svona hjá sér daglega með því að nota einfalt matsblað (fylgiskjal 2).

### 3.5.3 Námsmöppur

Námsmöppur (e. *portfolio*) eru bæði matstæki og kennsluáðferð. En með kennsluáðferð er átt við að námsmöppur leggja áherslu á námsferlið og vinnu nemenda hverju sinni. Námsmöppur samanstanda af áþreifanlegum verkefnum sem sýna vel framfarir

nemenda, vinnuframlag og árangur í ákveðin tíma og henta því vel sem matstæki. Námsmöppur geta verið í margs konar formi, t.d. hefðbundnar stílabækur, gatamöppur, teygjumöppur, kassar (sem gögnum er safnað í) o.fl. Það er hægt að byggja námsmöppur upp á ýmsa vegu. Það er t.d. hægt að skipta þeim í þrennt. Þá er einn hluti leiðarbók sem inniheldur námsferil og markmið með leiðarbókinni og sjálfsmat nemenda. Annar hlutinn væri þá einskonar vinnumappa sem hefur að geyma öll verkefni nemenda. Þriðji og síðasti hlutinn er þá matsmappan sem í væri safnað ákveðnu úrtaki af verkefnum úr vinnumöppunni. Verkefnin sem fara í matsmöppuna eru valin eftir ákveðnum reglum/viðmiðum sem kennari setur og nemendur fá að vita í byrjun skólaárs. Þannig að nemendur vita eftir hvaða viðmiðum kennari fer við mat á möppunni í lok skólaárs (Brynhildur Anna Ragnarsdóttir 2003:39-41). En námsmöppur þurfa ekki endilega að vera þrískiptar. Einnig er hægt að hafa þær einfaldari þar sem það er einungis ein mappa þar sem safnað er saman bestu verkum nemenda á einn stað.

Námsmöppur eru sniðugt verkfæri til að nota með nemendum dags daglega. Hver nemandi í bekknum á þá sína eigin námsmöppu og safnar í hana ýmsum verkefnum sem hann hefur gert. Það er mikilvægt að kennari geri nemendum ljóst hver tilgangurinn er með námsmöppunum og hvað eigi að fara í þær (Gronlund og Linn 2000:292-293). T.d. er ekki gott að öll verkefni fari þangað, heldur þarf kennarinn að leiðbeina nemendum um hvernig þeir eigi að velja efni til að setja í möppuna sína. Ef nemendur myndu setja öll sín verkefni í möppuna þá yrði hún bara óskipulagt safn af vinnu og verkefnum.

Námsmöppurnar hafa marga kosti í för með sér, t.d. það að þær gefa nemendum tækifæri til að sýna hvað í þeim býr (Gronlund og Linn 2000:290-291). Með námsmöppunum er auðvelt að halda utan um verk hvers nemanda og þannig er auðvelt að skoða og meta verkefnin, bæði fyrir kennara og nemendur. Einnig er þægilegt fyrir foreldra og kennara að skoða námsmöppurnar á foreldrafundum til að geta rætt um námsframvindu nemenda. Þannig geta foreldrar séð hvernig verkefni nemenda hafa þróast og hvernig þeir standa sig í námsframvindu. Nemendur fá tækifæri til að þróa með sér hæfileika til að meta sjálfir vinnuna sína, bæði hvað varðar veikleika og styrk í verkefnum. Þannig geta nemendur á augljósan og auðveldan hátt séð hvar þeir standa og eiga þannig auðveldara með að bæta sig á þeim sviðum sem þeir eru veikir á. Nemendur eiga með þessu auðveldara með að setja sér markmið í náminu, því þeir sjá svo vel hvar þeir standa í náminu með því að skoða og meta námsmöppurnar. Nemendur geta lært

mikið á að safna verkefnum sínum í námsmöppur en þó er nauðsynlegt að þeir fái uppbyggjandi endurgjöf og mat á möppunum frá kennara. Bæði er hægt að meta einstakt verkefni í möppunni og líka möppuna alla sem heild.

Veikleiki námsmappa er aðallega sá að þær hafa tiltölulega lítinn áreiðanleika (Gronlund og Linn 2000:292). Ástæðan fyrir því er að erfitt getur verið að ákvarða ákveðin stig/einkunnir fyrir svo mörg mismunandi verkefni eins og eru samankomin í námsmöppum. Annar veikleiki námsmappa er sá að skortur er á ákveðnum stöðlum sem veldur því að erfitt er að nota möppurnar í samanburð. En það er ekki nauðsynlegt að gefa einkunnir fyrir námsmöppur. Kennari getur skrifað umsögn um verkefni nemenda og vinnubrögð. Umsögnin yrði þá að taka mið af markmiðum sem sett hafa verið um námsmöppuna og bæði nemendur og kennari eru meðvitaðir um. Einnig er hægt að notast við sjálfsmat nemenda að hluta til. Þá meta nemendur sjálfir hvernig verkefni í möppunni tókust að þeirra mati.

### **3.5.4 Jafningjamat**

Jafningjamat (e. *peer assessment*) er námsmat sem fer þannig fram að nemendur eru að meta hvor annan í staðinn fyrir að kennarinn geri það. Nemendur geta þá verið að meta verkefnavinnu hvors annars eða persónuna sjálfa, t.d. samvinnuhæfni, félagsþroska o.fl., eða metið bæði í einu. Einnig getur jafningjamat bæði farið fram eftir einstaklingsvinnu og hópvinnu (Fylgiskjal 3). Jafningjamat er hægt að útfæra á marga mismunandi vegu. Það er skemmtileg tilbreyting fyrir nemendur að fá að meta hvorn annan. Það eykur ábyrgðartilfinningu nemenda og sýnir þeim að þeirra skoðun skiptir máli. Það er líka mjög góð þjálfun fyrir nemendur að þurfa að meta einhvern annan og hugsa um hvað það er sem viðkomandi gerir vel og hvað viðkomandi mætti bæta hjá sjálfum sér.

Jafningjamat er gott að nota öðru hvoru í skólalstarfinu og þá líka að taka tillit til þess við gerð lokamats. Því ef nemendur eru að meta hvorn annan og kennarinn er líka að meta nemendur við sama verkefnið þá má búast við því að mat nemenda og kennara verði ólíkt. En það er vegna þess að nemendur og kennarar notast við ólíka mælikvarða við mat sitt. En jafningjamat er gott mat vegna þess að nemendur þekkja hvorn annan oft betur en kennarinn gerir og þess vegna vita nemendur oft meira um styrk- og veikleika hvors annars. Þannig að með því að láta nemendur meta hvorn annan þá getur

kennarinn fengið upplýsingar um nemendur sem hann annars hefði ekki getað aflað sjálfur.

Jafningjamat er heppilegt að nota þegar nemendur eru að flytja eitthvað munnlega fyrir bekkinn, t.d. ljóð, sögu, leikþátt o.s.frv. (Gronlund og Linn 2000:323-324). Þannig er auðvelt fyrir aðra nemendur að fylgjast með frammistöðu og færni þess nemanda sem er að flytja verkefni hverju sinni. Þá væri kennari búinn að dreifa matsblöðum til allra nemenda þannig að þeir gætu fyllt þau út um hvern og einn nemanda. Það er samt frekar mikil vinna fyrir nemendur að fara að fylla út svona mörg matsblöð og það fer líka mikill tími í það. T.d. ef það eru 20 nemendur í bekk, þá þarf hver nemandi að fylla út 20 matsblöð. Það er líka hætt á því að nemendur myndu ekki fylla matsblöðin út af nógu mikilli kostgæfni ef um svona mörg matsblöð væri að ræða. Mjög auðvelt væri hinsvegar að hafa jafningjamat ef nemendur væru nokkrir saman að flytja t.d. leikþátt fyrir bekkinn. Þá myndu nokkrir nemendur vinna saman að einu matsblaði um hvern leikhóp. Þannig að í 20 manna bekk yrðu t.d. 5 hópar með 4 nemendum í hverjum hópi, þannig að hver hópur þyrfti bara að fylla út 5 matsblöð.

### 3.5.5 Sjálfsmat

Hluti af námsmati getur farið fram sem sjálfsmat (e. *self assessment*) meðal nemenda. Sjálfsmat felst í því að nemendur eru að meta sig og sína vinnu sjálfir (Ingvar Sigurgeirsson 1999:91). Þá skrá nemendur hjá sér hugleiðingar sínar um námið sitt og annað sem þeim finnst að þurfi að koma fram. T.d. hvort námið sé skemmtilegt eða leiðinlegt, erfitt eða auðvelt o.s.frv. Leiðarbækur eða dagbækur eru hentug tæki fyrir nemendur til að skrá niður þessar pælingar sínar. Þetta er mjög góð leið til að fá nemendur til að hugsa aðeins um hvað þeir hafa verið að fást við í náminu. Einnig er gott fyrir nemendur að eiga þessar leiðarbækur/dagbækur og skoða þær seinna meir sér til upprifjunar og gamans. Það er líka þægilegt fyrir kennara að fá að lesa hugleiðingar nemenda um námið og hvernig þeir meta það. Þetta getur aðstoðað kennara við að meta námið hjá nemendum. Einnig eykur sjálfsmat líkur á því að nemendur skilji til hvers er ætlast af þeim í náminu (Ingvar Sigurgeirsson 1998). Með sjálfsmati eiga nemendur auðveldara með að átta sig á sterkum og veikum hliðum sínum í náminu. Sjálfsmat getur einnig gefið kennara mikilvægar upplýsingar sem hann hefði ekki getað nálgast sjálfur annars.

Það er mikilvægt að þróa gagnrýnið og íhugað viðhorf hjá nemendum til að búa þá undir lífið og það sem þeir taka sér fyrir hendur í framtíðinni (Cambra-Berdún og Cambra-Fierro 2007:36-37). Sjálfsmat sem er gagnrýnið, íhugult og áreiðanlegt hjálpar nemendum að ná fram þessu viðhorfi. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að íhugað nám, þar sem sjálfsmat nemenda er til staðar, bætir bóklegar niðurstöður og stuðlar að bættum hæfileikum einstaklingsins. Þannig að leiðbeiningar kennara í gegnum nám nemenda og áhrif frá fjölskyldum nemenda og umhverfi, getur haft mikil áhrif. Það er erfitt að ná fram alvöru sjálfsmatsferli án rétttrar upphafsjálfunar í sambandi við viðhorf nemenda. Takmark sjálfsmats er þess vegna að bæta æfingu og þróun nemenda í sínu þekkingarferli.

Ferli sjálfsmats leyfir nemendum að skoða markmið sín og væntingar, líka fræðsluþörf þeirra og persónuleg afrek (Cambra-Berdún og Cambra-Fierro 2007:37-40). Nemendur verða að vera reiðubúnir til að læra á þennan hátt, þ.e. að hlusta á leiðbeiningar, íhuga hegðun sína og að meta það sem þeir hafa afrekað. Mat á íhuguðu námi er mjög mikilvægt því það veitir nemendum mikilvæga endurgjöf og leiðbeinir þeim í þróun þessarar íhugunar og hæfileikanum á sjálfsgagnrýni. En áður en sjálfsmat getur farið fram eru nemendur upplýstir um hvernig það virkar. Því nauðsynlegt er að nemendur skilji hvað þeir séu að fara að gera. Dæmi um sjálfsmat er að nemendur fá að sjá nokkrar setningar sem eru kvarði um sjálfsmatið, svo velja nemendur eina af þessum setningum sem þeim finnst eiga best við sig (Fylgiskjal 4). Einnig er hægt að sýna nemendum nokkrar myndir og þeir velja hvaða mynd passar við sig Það má t.d. gera á þann hátt að láta nemendur meta hvernig þeim líður í skólanum og eða hvernig þeim líkar við námsefni og kennslustundir. Fyrir unga nemendur væri þægilegt að nota matsblað með myndum á og einföldum orðum (Fylgiskjal 5). Það hentar einmitt betur með ungum nemendum að nota myndir eða einföld orð á sjálfsmatsblöðum.

### **3.5.6 Lokamat**

Lokamat (e. *summative assessment*) er það mat eða vitnisburður sem nemandi hlýtur við lok einhvers ákveðins námstíma (Meyvant Þórólfsson 2003). Þetta mat gefur upplýsingar um hvernig nemandi gekk í sínu námi á námstímanum og hvaða árangri hann náði. Lokamat getur verið birt nemendum hvort sem er í einkunn og/eða umsögn (Rowntree 1999). Lokamat sem er sett fram á skýran hátt t.d. með tölum nýtist öðrum kennurum og framtíðar vinnuveitendum nemenda vel. Því þannig geta kennarar og

vinnuveitendur notað upplýsingar um lokamat nemenda og haft áhrif á líf þeirra. T.d. með því að vinnuveitendur bjóða nemendum með góðar einkunnir í lokamati góða vinnu. Einnig er lokamat nauðsynlegt fyrir grunnskólanemendur ef þeir ætla að sækja um nám í t.d. framhaldsskóla seinna meir. Því þá er oft nauðsynlegt að láta afrit af lokaeinkunnum úr grunnskóla fylgja með skólaumsókn.

### 3.6 Álitamál tengd námsmati

Eins og fram kemur í Salamanca yfirlýsingunni (1994) þá er menntun eitthvað sem allir eiga að hafa kost á að njóta (Menntamálaráðuneytið 1994). Hvort sem um er að ræða svonefnda heilbrigða nemendur eða nemendur með einhvers konar fötlun eða sérþarfir, allir eiga þeir að hafa rétt á skólagöngu. Til að koma jafnt til móts við alla nemendur þá þurfa kennarar að huga að námsefni og námsmati og reyna að miða það að hverjum einstaklingi. Það kemur fram í Aðalnámskrá grunnskóla að allir eigi að hafa jafnan rétt til náms, hvort sem það eru strákar, stelpur, nemendur með sérþarfir eða aðrir (Aðalnámskrá grunnskóla 2006:9). Þar kemur einnig fram að skólar þurfi að finna leiðir til að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins og taka tillit til ólíkrar getu nemenda. Það er því augljóst að ef að allir nemendur eiga að geta notið sín í skólanum og náminu, þá verða þeir að fá námsefni sem hæfir þeim.

### 3.7 Réttmæti og áreiðanleiki

Samkvæmt Gronlund og Linn er mikilvægt að mat á námi einkennist af bæði réttmæti (e. *validity*) og áreiðanleika (e. *reliability*) (Gronlund og Linn 1997:67-69). Án réttmætis og áreiðanleika þá getum við ekki verið viss um að námsmatið sé sanngjarnt eða gefi okkur þá niðurstöðu sem við leitum eftir. Réttmæti segir til um hversu viðeigandi túlkun matsniðurstaðna er fyrir ákveðinn einstakling eða hóp, en segir ekki til um matsaðferðina sjálfa. Réttmæti er stigbundið t.d. hátt réttmæti, miðlungs réttmæti og lágt réttmæti. Þannig að ekki er hægt að tala um eitthvað sé réttmætt eða ekki réttmætt. Áreiðanleiki felst hins vegar í því hversu stöðugar matsniðurstöðurnar eru. Ef notuð yrði sama matsaðferð tvisvar á sama hóp nemenda á mismunandi tímapunktum, og niðurstöður yrðu svipaðar, þá gætum við sagt að niðurstöður væru líklega mjög áreiðanlegar. Einnig eru niðurstöður mats taldar áreiðanlegar ef tveir kennarar meta sama verk nemanda og fá svipaða niðurstöðu. Samsagt þegar talað er um áreiðanleika er átt við stöðugleika matsniðurstaðna, en þegar talað er um réttmæti er átt það hvort

túlkun niðurstaðnanna sé viðeigandi og þar með að matstækið sé í raun að mæla eða meta það sem við vildum meta.

### 3.8 Megindlegt/eigindlegt

Námsmat getur verið mjög mismunandi í eðli sínu. Það fer allt eftir því hvað á að meta hverju sinni, hvernig á að meta það o.s.frv. T.d. má nota próf, spurningalista, gátlista, gera vettvangsathugun o.fl. Þá er hægt að skoða námsárangur nemenda með ýmsum leiðum, t.d. með því að meta, prófa eða mæla nemendur. Námsmatið verður annað hvort eigindlegt (e. *qualitative*) eða meginlegt (e. *quantitative*), það fer eftir því hvaða leið er farin í námsmatinu. Skyld hugtök í þessu samhengi eru hlutlægt og huglægt mat.

Mat er hugtak sem nær yfir allar þær aðferðir og tæki sem notuð eru við að afla upplýsinga um námsárangur nemenda og framsetningu á námsárangrinum (Gronlund og Linn 2000:31-32). Í mati er hægt að fá svar við spurningunni: Hversu vel stendur nemandinn sig? Próf hinsvegar er sérstök tegund af námsmati sem samanstendur aðallega af spurningum sem svara á innan ákveðins tíma. Með þessum spurningum er verið að mæla námsárangur nemenda. Stundum er talað um próf og námsmat sem sama hlutinn, en próf verða í rauninni að skoðast sem afmarkaður hluti af námsmati. Með prófum er hægt að svara spurningunni: Hversu vel stendur nemandinn sig í samanburði við aðra nemendur? Svo eru það mælingar en þær eru ferli sem metur niðurstöður prófa eða annars námsmats í tölum. Í mælingum er hægt að fá svar við spurningunni: Hversu mikið?

Hugtakið mat er þannig mun yfirgrípsmeira orð en mælingar eða próf (Gronlund og Linn 2000:31). Hugtakið mælingar er takmarkað við meginlegar lýsingar á námsárangri nemenda, það er að segja að niðurstöður mælinga eru alltaf sýndar í tölum. T.d. Siggi fékk 8 rétt svör af 10 mögulegum í verkefninu. Hugtakið mælingar tekur hinsvegar ekki til eigindlegra lýsinga á námsárangri t.d. Siggi vann verkefnið vel. Það tekur ekki heldur tillit til skoðana varðandi virði niðurstaðnanna. Hugtakið mat getur á hinn bóginn bæði innihaldið meginlegar lýsingar eins og mælingar, og líka eigindlegar lýsingar sem eru ekki mælingar.

### 3.9 Viðmið

Viðmið hljóta að vera grundvallaratriði í öllu mati og mælingum. Ef maður styðst ekki við skýr viðmið er erfitt að gera grein fyrir niðurstöðum eftir á og þeim þáttum sem lágu til grundvallar. Í námsmati þekkjast margs konar við mið. Hér verður annars vegar gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem liggja til grundvallar heildarniðustöðum, t.d. einkunnum við lok námsstíma og hins vegar viðmiðum í afmarkaðri þáttum.

#### 3.9.1 Hópviðmiðað mat

Hópviðmiðað mat (e. *norm-referenced assessment*) er námsmat sem ber saman árangur ákveðins hóps einstaklinga (Gronlund 2003:27-28). Slíkt mat veitir sem sagt upplýsingar um það hvernig frammistaða ákveðins einstaklings er í samanburði við aðra nemendur. Hópviðmiðað mat er t.d. hægt að nota til að bera saman námsárangur allra 12 ára nemenda í Reykjavík eða námsárangur ákveðins bekkjar í einhverjum einum skóla með t.d. 25 nemendum. Eftir þann samanburð væri t.d. hægt að segja að einhver ákveðinn nemandi innan þessa bekkjar hefði verið fjórði hæsti í sínum bekk af 25 nemendum. Þarna er verið að bera námsárangur ákveðins nemanda saman við aðra nemendur í bekknum. Hópviðmiðað mat er þægilegt að nota í nemendahóp þegar sjá þarf hvernig innbyrðis röðun nemenda er eftir námsárangri, t.d. fyrir ákveðna hópavinnu, verðlaunaafhendingu o.fl.

#### 3.9.2 Markviðmiðað mat (criterion-referenced assessment)

Markviðmiðað mat (e. *criterion-referenced assessment*) er námsmat sem virkar þannig að nemendur eru bornir saman við fyrirfram ákveðin markmið en ekki hvorn annan eins og gert er í hópviðmiðduðu mati (Gronlund 2003:27-28). Markviðmiðað mat athugar hvernig ákveðin vitneskja og hæfileikar nemenda eru. T.d. eftir ákveðið próf væri hægt að segja að t.d. Anna geti nefnt allar stjörnurnar í sólkerfinu á nafn og sagt í hvaða röð þær eru. Þarna er verið að segja frá vitneskju Önnu og bera hana saman við fyrirfram ákveðin markmið, en ekki við aðra nemendur. Markviðmiðað mat er gott að nota þegar leiðbeina á nemendum áfram í sínu námi. Því auðveldara er að hjálpa nemendum að bæta sig í náminu þegar það sést í hverju þeir eru góðir og í hverju þeir þurfa að bæta árangur sinn.



### 3.9.3 Viðmiðatafla

Viðamiðatafla (e. *rubric*) er tafla sem höfð er til hliðsjónar þegar meta á frammistöðu eða úrlausn nemenda (Ingvar Sigurgeirsson 2002). Taflan byggist á að skilgreina, þær viðmiðanir og kröfur sem hafðar eru til hliðsjónar við mat, af mikilli nákvæmni.

Viðmiðatafla getur t.d. verið með ákveðnum númerum öðrum megin og hinum megin er texti sem á við hvert númer (Gronlund og Linn 2000:252-254). Töfluna getur kennari svo notað sem viðmið við val á einkunn/umsögn fyrir nemendur. Hægt er að hafa hvaða fjölda sem er af númerum á töflunni t.d. 1-5 og þá eru líka fimm mismunandi textar, einn texti sem á við hvert númer. Kennarar geta sjálfir búið sér til viðmiðatöflur (Fylgiskjal 7) til að fara eftir við sína einkunnagjöf eða mat og í nánast hvaða samhengi sem er.

## 4 NÁMSMAT Í ÍSLENSKUM GRUNNSKÓLUM

Eins og fram kom í inngangi þá framkvæmdi ég meginlega rannsókn á stöðu námsmats í nokkrum íslenskum skólum, þar sem ég leitaði svara við því hvernig námsmati er háttað í íslenskum grunnskólum, hvernig aðferðir eru ríkjandi og hvaða hugmyndir kennarar hafa um mikilvæg hugtök og eðli námsmats. Einnig vildi ég athuga hvort greinanlegur munur væri á hugmyndum kennara um námsmat eftir því hvort þeir hefðu sótt námskeið um námsmat eða ekki, m.a. hvort þekking þeirra á ýmsum námsmatstengdum hugtökum væri ólík. Í samráði við leiðbeinanda minn mótaði ég spurningalista með 24 spurningum þar sem reynt var að afla gagna sem gæfu svör við þessum spurningum (Fylgiskjal 8).

### 4.1 Þátttakendur

Ég sendi könnunina út til 20 sérstaklega valdra grunnskóla á Íslandi. Ég hafði fengið vitneskju um það frá leiðbeinanda mínum að 10 skólanna hefðu sótt námskeið um námsmat einhvern tímann á síðustu 5 árum, en hina var ekki vitað um. Þetta var gert til að reyna að fá samanburð á sýn kennara sem höfðu sótt námskeið á undanförunum árum og hinna sem ekki höfðu sótt námskeið. Send voru 15 eintök af spurningalistanum í hvern skóla og stjórnendur beðnir að dreifa þeim með sem eðlilegustum hætti á kennara eftir greinum, stigum og svo framvegis. Þannig gerði ég ráð fyrir að þátttakendur yrðu um 300 kennarar af ólíkum stigum grunnskóla miðað við fulla þátttöku, jafnt almennir bekkjakennarar sem fagkennarar, yngri sem eldri og konur sem karlar.

### 4.2 Rannsóknaraðferð og tæki

Um er að ræða dæmigerða meginlega rannsókn sem einkennist af lýsandi tölfræði (e. *descriptive statistics*). Það þýðir að ég safna gögnum með aðferðum sem gera mér kleift að vinna tölfræðilega úr þeim og túlka niðurstöður út frá þeim. Lögð var fyrir spurningakönnun, svo voru niðurstöður dregnar saman, greindar og settar fram með myndritum (McMillan 2008:134). Þannig dró ég saman í myndrænt form megineinkenni úrtaksins sem ég rannsakaði, athugaði miðsækni og dreifingu og dró ályktanir út frá niðurstöðum. Þar sem það eru tvær breytur í þessari rannsókn, annars vegar skólar sem hafa sótt námsmatsnámskeið og hinsvegar þeir sem ekki hafa sótt slíkt námskeið, þá er hægt að nota þessa rannsókn sem orsakabundna samanburðarrannsókn (*causal-comparative studies*). En orsakabundnar samanburðarrannsóknir fela ekki í sér

tilraun þar sem þátttakendur er markvisst settir í ákveðið verkefni til að rannsaka bæði áhrif og orsök sambanda (McMillan 2008:202), heldur er tækifæri nýtt til að bera saman hópa sem vitað er að fóru gegnum ólík verkefni eða „prógröm“. Í slíkum rannsóknum eru þannig tveir mismunandi hópar látnir svara sömu spurningunum. Svo er hægt að sjá í niðurstöðunum hvort svörun milli hópanna var marktækt ólík eða ekki. Þetta er svipað og í lyfjarannsóknum, þegar t.d. á að prófa lyf við kvefi þá fær einn hópur kvefmeðal en hinn hópurinn fær lyfleysu. En hvorugur hópurinn veit hvað hver fékk. Svo er hægt að sjá hvort kvefmeðalið virki betur en lyfleysan. Eða eins og í þessari rannsókn þá er hægt að sjá hvort þeir skólar sem sótt hafa námsmatsnámskeið viti í raun meira um námsmat en hinir, eða ekki. En það skal ítrekað að hér var ekki um að ræða tilraunasnið eins og í lyfjarannsóknum samanber útskýringar hér á undan.

### **4.3 Framkvæmd**

Áður en könnunin var send í skólana hafði ég samband við skólastjórnendur með tölvupósti til að spyrja hvort ég mætti senda þeim þessa könnun. Eftir að leyfi fékkst þá sendi ég könnunina í 20 skóla og það voru 15 eintök sem ég sendi í hvern skóla. Ég lét fylgja með í hvern skóla frímerkt umslag þannig að auðvelt væri fyrir skólastjórnendur að senda svarblöðin aftur til mín. Það voru þó ekki allir skólarnir sem sendu svarblöðin til baka, það var heldur ekki alltaf full þátttaka í hverjum skóla. En við hvoru tveggja bjóst ég alveg. Þannig að ég vann bara úr þeim svörum sem ég fékk til baka.

Þegar svarblöðin höfðu borist mér til baka þá taldi ég saman svörin úr hverjum skóla og hverri spurningu. Ég flokkaði svarblöðin annars vegar eftir því hvort viðkomandi sagðist hafa farið á námskeið um námsmat nýlega, eða ekki. Þannig gat ég séð hvort svörin væru mismunandi milli þessara tveggja hópa.

### **4.4 Niðurstöður**

Það vakti athygli mína í niðurstöðunum þótti mér að flestir þeir sem svöruðu könnuninni höfðu sótt námskeið um námsmat, þ.e. mun fleiri en vitað var um. Spurt var hvort þátttakendur hefðu á undanförunum 5 árum sótt námskeið um námsmat eða ekki. Þar sögðu 70 kennarar að þeir hefðu sótt námskeið en 31 kennari sagðist ekki hafa sótt námskeið. Ég veit ekki hvort það að hinir sem ekki hafa sótt námskeið um námsmat hafi

ekki viljað svara. T.d. vegna þess að þeir þekktu kannski ekki öll þau hugtök sem komu fyrir í könnunni. En þetta var allavega fróðlegt að sjá fannst mér.

Settar voru fram tvær opnar spurningar í könnuninni, annars vegar var spurt hver tilgangur námsmats væri, en hinsvegar hvaða vandamál kennarar rækjust á í námsmati. Í fyrri spurningunni sögðu flestir að tilgangurinn væri að meta framfarir, þekkingu, heildarárangur og hvort markmið hefðu náðst. Einnig nefndu margir að námsmat væri hvetjandi og ætti að styðja og leiðbeina nemendum. Líka að tilgangurinn væri að sjá hvort nemendur hefðu náð markmiðum sem sett höfðu verið fram. Þá sögðu nokkrir að námsmat væri til að nemendur sæju eigin styrkleika/veikleik. Svo var nefnt að námsmat ætti að varpa ljósi á stöðu nemenda í námi, stöðu kennara í starfi og stöðu skóla gagnvart samfélagi. Í seinni spurningunni var mjög algengt að svarað væri að námsmat væri allt of tímafrekt og flókið oft á tíðum. Sumir nefndu líka að námsmat væri streituvaldur. Nokkrir töldu það sérstaklega erfitt að meta einstaklingslega. Nefnt var að námsmat gæti valdið kvíða og óöryggi meðal nemenda og þannig myndu þeir kannski ekki koma skilningi sínum til skila, t.d. í prófi. Einnig var nefnt að hætta væri á að festast of mikið í sömu námsmatsaðferðum. Sumir nefndu að þeim þætti alltaf erfitt að meta og að erfitt væri að vera með námsmat sem væri sanngjarnt öllum. Fram kom að fyrirlögn og úrvinnslu námsmats væri oft gefinn lítill tími. Nefnt var að erfitt væri að brjótast út úr því gamla fari sem einkunnakerfi skóla byggir á. Nefnt var að það ætti að gefa umsögn í stað einkunnar, sérstaklega í verkgreinum. En foreldrar eru svo oft fastir í að börn þeirra fái einkunn (tölu) og miða svo við önnur börn.

Spurt var í könnuninni hvaða aldurstigum kennarar kenndu. Það voru 42 kennarar sem kenndu á yngsta stigi (1.-4. bekk), 45 kennarar sem kenndu á miðstigi (5.-7. bekk) og líka 45 kennarar sem kenndu á unglingsstigi (8.-10. bekk). Þess má geta að nokkrir kennaranna kenndu við fleiri en eitt stig.

#### **4.4.1 Svarendur**

Svarendur í könnuninni voru 92 kennarar úr ýmsum grunnskólum á landinu. Það voru 71 kona og 20 karlar sem svöruðu. Aldur þeirra skiptist þannig að 5 kennarar voru 30 ára eða yngri, 24 kennarar voru 31 – 40 ára, 29 kennarar voru 41 – 50 ára, 30 kennarar voru 51 - 60 ára og 3 kennarar voru 61 árs eða eldri. Þannig að flestir kennararnir voru á aldursbilinu 31 – 60 ára.

#### 4.4.2 Stefna skóla um námsmat

Meðal annars var spurt hversu mikil áhersla væri lögð á að samræma námsmatsaðferðir, matsatriði og niðurstöður við skóla þátttakenda (Myndir 1-3, sjá Fylgiskjal 9). Flestir þátttakenda eða um 70% sögðust vera mjög sammála eða sammála því að við skólann þeirra væri lögð áhersla á að samræma námsmatsaðferðir, matsatriði og niðurstöður námsmats.

Einnig var spurt um hvaða vægi ýmsar matsaðferðir hefðu við skóla þátttakenda að þeirra mati (Mynd 4). Flestir töldu að próf hefðu mikið vægi í námsmati við skólann þeirra (85% vægi), en einnig töldu margir að lokamat og símat hefðu talsvert vægi, með rúmlega 70% vægi. Námsmöppur, sjálfsmat og leiðsagnarmat höfðu nokkuð vægi að mati svarenda. Hinsvegar töldu þátttakendur að jafningjamat og hópamat hefði lítið vægi í námsmati við þeirra skóla (25-30% vægi). Þegar spurt var hversu mikinn sess ýmsar tegundir prófa hefðu við skóla þátttakenda að þeirra mati (Mynd 5). Þar kom í ljós að flestir þátttakenda töldu að hefðbundin próf skipuðu mikið vægi við skólann, tæp 90%.. Þá töldu þátttakendur að gagnapróf og munnleg próf hefðu nokkuð vægi (um 30%). Samvinnupróf og svindlpróf komu þar á eftir með um 20% vægi. En heimapróf og sýnipróf voru ekki talin hafa mikið vægi í framkvæmd prófa.

#### 4.4.3 Námsmat í ljósi margbreytileika

Þátttakendur sögðu skoðun sína á eftirfarandi fullyrðingu: *Einstaklingsmiðað nám krefst sveigjanleika í námsmati svo matið þarf að vera bæði huglægt og hlutlægt* (Mynd 6). Flestir sögðust vera sammála eða mjög sammála þessari fullyrðingu, rúm 80%. Nokkrir sögðust hvorki vera sammála né ósammála fullyrðingunni og örfáir voru ósammála henni. Önnur fullyrðing sem spurt var um var: *Námsmat í skóla fyrir alla / skóla án aðgreiningar er mun erfiðara í framkvæmd en í skóla þar sem nemendur eru á svipuðu þroska- og getustigi og flokkaðir þannig í námi sínu* (Mynd 7). Flestir þátttakenda sögðust vera mjög sammála fullyrðingunni (44%) og um 30% sögðust vera sammála þessari fullyrðingu. Nokkrir sögðust hvorki vera sammála né ósammála. Örfáir sögðust vera ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Loks var spurt um afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: *Aukinn sveigjanleiki í námsmati getur leitt til þess að það verði ómarkvisst og óáreiðanlegt* (Mynd 8). Þessu voru flestir ósammála (42%) og um 11% sögðust mjög ósammála. Einnig voru nokkrir sem voru hvorki sammála né ósammála

fullyrðingunni. Margir sögðust vera ósammála fullyrðingunni en fáir voru mjög ósammála henni. Tæp 20% sögðust vera sammála eða mjög sammála.

#### 4.4.4 Sýn kennara á eðli námsmats

Þátttakendur voru því næst beðnir um að taka afstöðu til fullyrðinga um eðli námsmats. Fyrsta fullyrðing var eftirfarandi: *Hlutlægt mat er mikilvægara en huglægt* (Mynd 9). Hér dreifðust svörin nokkuð jafnt um miðjuna, þ.e flestir þátttakenda sögðust vera hvorki sammála né ósammála (48%). Nokkrir sögðust vera annaðhvort sammála eða ósammála fullyrðingunni. En örfáir sögðust annaðhvort vera mjög sammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Næsta fullyrðing var eftirfarandi: *Huglægt mat er mikilvægara en hlutlægt* (Mynd 10). Eins og í fyrri fullyrðingunni sögðust flestir þátttakendur vera hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni (55%), einnig sögðust nokkuð margir vera ósammála eða um þriðjungur svarenda. Örfáir sögðust vera sammála, mjög sammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Þar næst var fullyrðingin: *Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins meginlegt og kostur er* (Mynd 11). Enn sögðust langflestir vera hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni (46%), en vert er að vekja athygli á að töluvert margir sögðust vera ósammála henni eða mjög ósammála, samtals um 40%. Nokkrir sögðust vera sammála fullyrðingunni en örfáir sögðust vera mjög sammála eða mjög ósammála henni. Þá kom fullyrðingin: *Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins eiginlegt og kostur er* (Mynd 12). Eins og áður sögðust langflestir sem sögðust hvorki vera sammála né ósammála fullyrðingunni (48%). Nokkrir sögðust vera sammála eða ósammála henni og örfáir sögðust vera mjög sammála eða mjög ósammála. Í undanförunum fullyrðingum virðast þátttakendur svara mjög svipað. Svo virðist sem þeim reynist erfitt að taka afstöðu til þessara fullyrðinga og svörin séu því flest nokkuð hlutlaus. Hugsanlega má túlka þetta svo að þátttakendur þekki undirstrikuðu hugtökin ekki nægilega vel eða eitthvað annað. En þetta er að minnsta kosti forvitnilegt að sjá. Þó má segja að niðurstaðan sé á þann veg að fleiri kjósi eiginlegt mat en meginlegt. Á hinn bóginn kjósa fleiri hlutlægt mat en huglægt.

Á undan voru kennarar spurðir um samræmingu matsaðferða, matsþátta og niðurstaðna við sína skóla. Nú voru þeir beðnir um að taka afstöðu sjálfir til sömu fullyrðinga: *Ég vil leggja áherslu á að samræma námsmatsaðferðir, matsþætti og niðurstöður námsmats við minn skóla* (Myndir 13-15). Mikill meirihluti (80-90%) reyndist vera

mjög sammála eða sammála samræmingu. Nokkrir sögðust vera hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Sárafáir sögðust vera ósammála.

Þátttakendur voru einnig spurðir hvaða vægi ýmsir námsmatsþættir hefðu í framkvæmd námsmats hjá þeim (Mynd 16). Flestir (82% vægi) sögðu að símat hefði mikið vægi, þar á eftir komu svo próf (70%) og lokamat (66%). Námsmöppur og leiðsagnarmat höfðu talsvert vægi meðal þátttakenda og sjálfsmat nokkuð vægi. Flestir sögðu að jafningjamat (26%) og hópamat (25%) hefði lítið vægi. Líka var spurt hvaða vægi ýmsar gerðir af prófum hefðu hjá þátttakendum (Mynd 17). Þar kom í ljós að langflestir töldu að hefðbundin próf hefðu mikið vægi (73%). Þá töldu þátttakendur að munnleg próf og samvinnupróf hefðu talsvert vægi. Gagnapróf og svindlpróf höfðu nokkuð vægi samkvæmt þátttakendum en sýniprof og heimapróf lítið vægi (um 15%). Loks voru þátttakendur beðnir um að leggja mat á eigin þekkingu og skilning á nokkrum hugtökum um námsmat. Svörunin í þeirri spurningu var mjög jöfn milli hugtakana. Sem sagt að þátttakendur töldu sig skilja flest hugtökin þokkalega vel (Mynd 18).

## 5 Umræða

Colin J. Marsh vekur athygli á að námsmat er mjög mikilvægur þáttur í skólastarfi og það er stöðugur hluti af starfinu (Marsh 2004:63). Í gegnum tíðina hefur námsmat tekið ýmsum breytingum og er alltaf verið að bæta við fjölbreyttari námsmatsaðferðum. Þó hafa t.d. hefðbundin próf alltaf haldið velli sem námsmatsaðferð.

Það ætti að vera hverjum ljóst að nemendum ber að fá að vita, frá sínum kennara, hvar þeir standa í sínu námi. Kennarar þurfa því að meta nemendur sína af og til og láta þeim í té matsniðurstöðurnar hvort sem það er gott eða slæmt. En kennarar þurfa að vera sanngjarnir þegar þeir meta nemendur og námsstöðu þeirra eins og fram hefur komið frammar í ritgerðinni, einkum í þeim skilningi að taka þarf alla þá þætti inn í matið sem máli skipta í náminu, hvort sem auðvelt er að meta þá eða ekki. Þess vegna er gott að nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir til að koma til móts við sem flesta nemendur og meta margbreytilega þætti námsins.

Skólar og kennarar virðist hafa verið svolítið fastir í hefðbundnum prófum og rannsóknin sem hér var framkvæmd staðfestir það. Í ljós kemur að hefðbundin próf og

lokamat veða mikið í þeim skólum sem rannsóknin náði til, þótt einnig örli á öðrum leiðum í mati. Margir aðhyllast símat og segjast stunda það, en í svörum kemur reyndar ekki fram hvers eðlis það mat er, t.d. hvort um er að ræða reglulegar kannanir eða það sem áður fyrr var nefnt skyndipróf.

Á meðan ég vann við þetta verkefni átti ég þess kost að sitja fund í Hjallaskóla í Kópavogi þar sem kennarar kynntu matsferðir sínar í hinum ýmsu greinum. Þar kom berlega í ljós að námsmatsaðferðir, sem tíðkast í skólum nú á dögum, virðast mjög framsæknar og fjölbreytilegar. Meira að segja kemur í ljós að kennarar eru að prófa sig áfram með fjölbreytilega framsetningu á skriflegum prófum sem hafa mismunandi tilgang. Yfirlit yfir þessar ólíku gerðir prófa ásamt skýringum má sjá í fylgiskjali 8.

Tölulega einkunnir hafa verið áberandi lengst af þegar námsmatsniðurstöður eru annars vegar Svo virðist sem umsagnir séu þó að verða algengari og einnig framsetning á ýmiss konar gátlistum, marklistum og viðmiðatöflum (*rubrics*) sem gefa hugmyndir um námsstöðu. Í fylgiskjölum hér á eftir má sjá fáein sýnishorf af slíkum matsblöðum.

En þrátt fyrir allt virðast foreldrar oft halda fast í hefðina hvað varðar einkunnir fyrir börn sín, e.t.v. til að geta borið það saman við önnur börn. Þess vegna væri líklega erfitt að hætta alveg með tölulegar einkunnir, enda er ekki ástæða til þess nema trúverðug rök liggi þar að baki.

## 6 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið stiklað á ýmsu er viðkemur námsmati. Þá hefur ýmsum námsmatsaðferðum verið lýst og rannsókn sem höfundur gerði, í samvinnu við Meyvant Þórólfsson og Jóhönnu Karlsdóttur, á námsmati í grunnskólum hefur verið kynnt. Það var mjög skemmtilegt og forvitnilegt að gera námsmatsrannsóknina sem lýst er fyrr hér í ritgerðinni. Það var líka frábært að fá að vinna rannsóknina í samvinnu við þau Meyvant og Jóhönnu. Það sem mér þótti athyglisverðast í niðurstöðunum var hversu hátt vægi hefðbundin skrifleg próf höfðu meðal þátttakenda. Það er greinilegt að þó að mikið sé til af alls konar nýjum matstækjum og matsaðferðum að þá eru hefðbundin próf alltaf notuð líka að miklu leyti. En óhefðbundið námsmat með námsmöppum (*portfolio*) og því um líku er greinilega að festast í sessi og því má segja að nú á dögum



feti kennarar hinn gullna meðalveg í mati sínu. Ég átti samt sem áður von á að sjá í rannsókninni aðeins meiri nýtingu á öðrum matsaðferðum t.d. sívirku mati án formlegra prófa, en svo virtist ekki vera í þeim mæli sem við var búist. Það er vitað mál að það tekur alltaf langan tíma að aðlaga eitthvað nýtt inn í gamalgróið kerfi sem alltaf hefur virkað vel. En það er bara svo nauðsynlegt að mínu mati að kennarar og skólastofnanir notfæri sér fjölbreyttar matsaðferðir til að koma til móts við alla nemendur á sem skynsamlegastan hátt. Við erum nefninlega eins misjöfn og við erum mörg og þá hlýtur það að segja sig sjálf að ein og sama námsmatsaðferðin hentar kannski ekki heilum bekk.

## Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti. 2006. Vefslóð:

[http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti\\_2006.pdf](http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf) [Sótt 19. febrúar 2008].

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir. 2003. „Ég er alveg góð í skóla – ég fæ bara ekki háar einkunnir“. *Glæður*. 1 og 2, 13:38-44. Félag íslenskra sérkennara, Kennarahúsinu, Reykjavík.

Cambra-Berdún, Jesus og Cambra-Fierro, Jesus. 2007. *Students self-evaluation and reflection (part 1): „measurement“*. Education & Training, London. Vefslóð: <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=1&did=1218427031&SrchMode=1&sid=9&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1202420122&clientId=58032> [sótt 5. febrúar 2008].

Guðbjörg Pálsdóttir, Guðrún Angantýsdóttir og Jónína Vala Kristinsdóttir. 2002. *Geisli, námsmat*. Vefslóð: [http://www.namsgagnastofnun.is/geisli/geisli\\_1a\\_namsmat.pdf](http://www.namsgagnastofnun.is/geisli/geisli_1a_namsmat.pdf) [Sótt 7. febrúar 2007].

Guðbjörg Pálsdóttir og Sigrún Ingimarsdóttir. 2000. *Eining 3, kennarabók*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Gronlund, Norman E. 2003. *Assessment of Student Achievement*. 7. útgáfa. Pearson Education, Inc. Allyn & Bacon, Boston.

Gronlund, Norman E. og Linn, Robert L. 1997. *Mælingar og mat á skólustarfi. I. Hluti: Mælingar- og matsferlið*. Tilraunaútgáfa. Þýðing og staðfærsla: Ólafur J. Proppé. Bóksala Kennaranema, Kennaraháskóla Íslands.

Gronlund, Norman E. og Linn, Robert L. 2000. *Measurement and Assessment in Teaching*. 8. útgáfa. Prentice Hall, Inc. Pearson Education, Upper Saddle River, New Jersey.

Hjallaskóli. 2008. Kynningar kennara við skólann á námsmatsaðferum og umræða um þær. Byggt er á glósum frá kynningunni sem fram fór 21. Febrúar 2008. Höfundur þessarar ritgerðar skráði.

- Ingvar Sigurgeirsson. 1998. „Námsmat byggt á traustum heimildum“. Vefslóð: <http://www.ismennt.is/vefir/fjarnogk/namsmatnogk/thkr/thkrist.htm> [Sótt 31. mars 2008].
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Að mörgu er að hyggja*. Handbók um undirbúning kennslu. Æskan ehf., Reykjavík.
- Ingvar Sigurgeirsson. 2002. „Kennsluaðferðavefurinn“. Vefslóð: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/kennsluadferdir/namsmat.htm> [Sótt 4. apríl 2008].
- Marsh, Colin J. 2004. *Key Concepts for Understanding Curriculum*. RoutledgeFalmer, New York.
- McMillan, James H. 2008. *Educational Research. Fundamentals for the Consumer*. Pearson Education, Boston.
- Menntamálaráðuneytið. 1994. *Salamanca yfirlýsingin*. Um grundvöll, stefnu og framkvæmd í málefnum nemenda með sérþarfir. Vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137> [Sótt 6. apríl 2008].
- Mentor ehf. Án árs. „Um Mentor.is“ Vefslóð: <https://mentor.is/mentorvefur/UmMentorIs.aspx> [Sótt 3. apríl 2008].
- Meyvant Þórolfsson. 2003. „Mat á námsárangri og námsframvindu með skriflegum prófum“. Vefslóð: <http://grunnskola braut.khi.is/namsmat/Utdrattur-Gronlund-lok-03.htm> [Sótt 25. febrúar 2008].
- Moyles, J. 2000. *Beginning Teaching: Beginning Learning*. In Primary Education. Open University Press, Buckingham.
- Rowntree, Derek. 1999. „Designing an assessment system“. Vefslóð: <http://iet-staff.open.ac.uk/D.G.F.Rowntree/Assessment.html> [Sótt 26. mars 2008].



## Fylgiskjal 2: Síamatsblað fyrir kennara

Hér er dæmi um síamatsblað fyrir kennara til að skrá niður mat sitt á vinnu nemenda. Þetta er þægilegt og auðvelt til útfyllingar þannig að gott er fyrir kennarann að skrifa nokkra punkta á matsblaðið í kennslustund. Svona blað gæti kennari fyllt út á hverjum degi ef þurfa þætti.

Dags:	Áætlun Námsefni Verkefni Skipulag	Skráning Hélt áætlun? Hverju var breytt? Athugasemdir/til minnis.

(Hugmynd fengin hjá: Moyles 2000:210)

### Fylgiskjal 3: Jafningjamat - hópvinna

Þetta er dæmi um matsblað sem hægt er að nota þegar nota á jafningjamat. Þá meta nemendur innan hópsins hvorn annan með því að fylla út matsblaðið. Fyrst er nafn nemanda skrifað á línuna og svo er krossað við á matsblaðinu eftir því hvað á við hvern nemanda.

Nemandi: \_\_\_\_\_ hefur lagt af mörkum til hópvinnunnar á eftirfarandi hátt:

	Lagði mikið af mörkum	Lagði nokkuð af mörkum	Lagði lítið af mörkum
Frumkvæði			
Hugmyndir			
Skipulagning			
Upplýsingaöflun			
Úrvinnsla			
Flutningur verkefnis			

(Hugmynd fengin hjá: Ingvar Sigurgeirsson 2002)

#### Fylgiskjal 4: Sjálfsmatsblað - hópvinna




Þetta er sjálfsmatsblað fyrir eldri nemendur, t.d. nemendur í 7. – 10. bekk. Þarna eiga nemendur að meta sjálfa sig í hópavinnu. Þeir krossa þá við eitt atriði í hverri láréttri línu.

Nafn: Dags: Verkefni:	Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei	Veit ekki
Ég tek virkan þátt í hópnum					
Ég vinn vel í hóp					
Ég kem með hugmyndir					
Ég hlusta á hugmyndir annara					
Ég virði skoðanir annara þó ég sé ósammála					
Mér finnst gaman að vinna í hóp					
Ég legg mig fram um að ljúka verkefninu sem lagt hefur verið fyrir					

(Hugmynd fengin hjá: Ingvar Sigurgeirsson 1999:91)

## Fylgiskjal 5: Sjálfsmatsblað fyrir unga nemendur

Þetta er dæmi um sjálfsmatsblað fyrir unga nemendur. Þarna eiga nemendur að segja til um hvað þeim finnst um námsgreinar o.fl. sem fram fer í skólanum. Nemendur krossa þá við eitt andlit í hverri láréttri línu. Eftir því hvort þeim finnst gaman, allt í lagi eða leiðinlegt í tiltekinni námsgrein.

Það sem við gerum í skólanum	Gaman 	Allt í lagi 	Leiðinlegt 
Lestur			
Skript			
Stærðfræði			
Íþróttir			
Myndmennt			
Handmennt			
Frjálst val			
Frímínútur			

(Hugmynd fengin hjá: Ingvar Sigurgeirsson 1998)



## Fylgiskjal 6: Flokkunarkerfi Bloom

<b>Þekking</b>	<b>Viðhorf</b>	<b>Leikni</b>
Mat	Heildstætt gildismat	Mat
Nýmyndun	Heildarsýn/ábyrgð	Aðlögun
Greining	Alúð/rækt	Flókin færni
Beiting	Svörun/þátttaka	Vélræn færni
Skilningur	Athygli/eftirtekt	Svörun
Minni		Viðleitni
		Skynjun

(Ingvar Sigurgeirsson 1999:19)

## Fylgiskjal 7: Viðmiðatafla (rubrics)

Þetta er dæmi um viðmiðatöflu sem hægt væri að nota þegar kennari er að meta nemendur eftir skriflegt próf. Þessi viðmiðatafla er með 5 sem hæsta gildi og 1 það lægsta. Taflan virkar þannig að kennari krossar við þann tölustaf sem honum finnst passa við árangur nemenda. Nemandi fær þannig bæði einkunn og umsögn.

5	Nemandi hefur mjög góða þekkingu á efninu. Nemandi er mjög vandvirkur. Nemandi svarar spurningum skýrt og ítarlega.
4	Nemandi hefur frekar góða þekkingu á efninu. Nemandi er frekar vandvirkur. Nemandi svarar flestum spurningum skýrt og ítarlega.
3	Nemandi hefur sæmilega þekkingu á efninu. Nemandi er sæmilega vandvirkur. Nemandi svarar hluta af spurningum skýrt, en öðrum ekki nógu skýrt.
2	Nemandi hefur frekar lélega þekkingu á efninu. Nemandi er ekki nógu vandvirkur. Nemandi svara flestum spurningum ekki nógu skýrt, þó nokkrar séu með góðu svari.
1	Nemandi hefur litla þekkingu á efninu. Nemandi er frekar óvandvirkur. Nemandi svarar spurningum hvorki nógu skýrt né ítarlega.

(Hugmynd fengin hjá: Gronlund og Linn 2000:253)

## Fylgiskjal 8: Námsmatskönnun

3. mars 2008

Kæri viðtakandi

Ég er nemandi á grunnskólabraut Kennaraháskóla Íslands og vinn nú að lokaverkefni til B.Ed.-gráðu. Þar fjalla ég um námsmat og þróun þess á síðustu árum. Liður í því verkefni er fyrirlögn spurningalista þar sem ég afla upplýsinga hjá kennurum um námsmat. Verkið er unnið í samvinnu við leiðbeinanda minn, Meyvant Þórólfsson lektor við KHÍ, sem hefur haft umsjón með símenntunarnámskeiðum um námsmat undanfarin ár ásamt Jóhönnu Karlsdóttur sem er einnig lektor við KHÍ.

Með þessu bréfi bið ég þig að taka þátt í meðfylgjandi spurningakönnun um námsmat í þínum skóla. Þar spyr ég um afstöðu þína til ýmissa þátta er tengjast mati á námi og kennslu.

Vinsamlegast skilaðu könnuninni útfylltri til þess stjórnanda skólans sem afhenti þér hana í síðasta lagi föstudaginn 7. mars n.k. Einnig má senda hana beint á eftirfarandi:

Solveig Björk Bjarnadóttir  
Kóngsbakka 13  
109 Reykjavík

Könnunin er lögð fyrir kennara í 20 grunnskólum. Niðurstöður munu liggja fyrir í júní 2008 og verða þá sendar rafrænt til þeirra skóla sem tóku þátt.

Með von um góð viðbrögð,

---

Solveig Björk Bjarnadóttir

Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum eftir bestu samvisku. Þannig leggurðu þitt af mörkum svo ég fái sem skýrasta mynd af námsmati í íslenskum grunnskólum. Fyrst koma spurningar er varða skólann sem þú starfar við.

1. **Við skólann minn** er lögð áhersla á að samræma námsmatsaðferðir (hvernig er metið):

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

2. **Við skólann minn** er lögð áhersla á að samræma matsatriði (hvað er metið):

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

3. **Við skólann minn** er lögð áhersla á að samræma niðurstöður námsmats, framsetningu og kynningu á þeim (t.d. í formi einkunna):

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

4. Hvaða vægi hefur eftirfarandi í námsmati **við skólann þinn** að þínu mati?

Mikið vægi      Talsvert vægi      Nokkuð vægi      Lítið vægi      Ekkert vægi

Leiðsagnarmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lokamat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Símat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Námsmöppur (portfolio)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjálfsmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Jafningjamat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hópmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**5. Hversu mikinn sess skipar eftirfarandi í framkvæmd prófa við skólann þinn að þínu mati?**

	Mikið vægi	Talsvert vægi	Nokkuð vægi	Lítið vægi	Ekkert vægi
Hefðbundin próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Samvinnupróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Heimapróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Svindlpróf <sup>1</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gagnapróf <sup>2</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sýnipróf <sup>3</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Munnleg próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Eftirfarandi eru spurningar sem tengjast þér og þínu starfi sem kennara

**6. Einstaklingsmiðað nám krefst sveigjanleika í námsmati svo matið þarf að vera bæði huglægt og hlutlægt:**

Mjög sammála

<sup>1</sup> Svindlpróf: Einnig nefnd glósupróf. Nemendur mega hafa glósur með sér í próf, t.d. eitt handskrifað A4 blað.

<sup>2</sup> Gagnapróf: Nemendur mega hafa námsbækurnar sínar með sér í próf og stundum önnur gögn líka.

<sup>3</sup> Sýnipróf: Nemendur fá að sjá prófið í nokkrar mínútur, t.d. daginn áður en þeir eiga að leysa það.

- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**7. Námsmat í skóla fyrir alla / skóla án aðgreiningar (*inclusive school*) er mun erfiðara í framkvæmd en í skóla þar sem nemendur eru á svipuðu þroska- og getustigi og flokkaðir þannig í námi sínu:**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**8. Aukinn sveigjanleiki í námsmati getur leitt til þess að það verði ómarkvisst og óáreiðanlegt:**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**9. Hlutlægt mat er mikilvægara en huglægt:**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**10. Huglægt mat er mikilvægara en hlutlægt:**

- Mjög sammála

- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**11. Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins megindlegt og kostur er (þ.e. áhersla á magn, tölur og mælingar í stað orða):**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**12. Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins eigindlegt og kostur er (þ.e. áhersla á orð og lýsingar í stað talna og mælinga):**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**13. Ég vil leggja áherslu á að samræma námsmatsaðferðir (hvernig er metið) við minn skóla:**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**14. Ég vil leggja áherslu á að samræma matsþætti (hvað er metið) við minn skóla:**

- Mjög sammála

- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**15. Ég vil leggja áherslu á að samræma niðurstöður námsmats, framsetningu og kynningu á þeim (t.d. form á einkunnum):**

- Mjög sammála
- Sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

**16. Hvaða vægi hefur eftirfarandi í framkvæmd námsmats hjá þér?**

	Mikið vægi	Talsvert vægi	Nokkuð vægi	Lítið vægi	Ekkert vægi
Leiðsagnarmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Lokamat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Símat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Námsmöppur (portfolio)	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sjálfsmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Jafningjamat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hópmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**17. Hversu mikilvægt er eftirfarandi í framkvæmd prófa hjá þér?**

	Mikið vægi	Talsvert vægi	Nokkuð vægi	Lítið vægi	Ekkert vægi
Hefðbundin próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Samvinnupróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



Heimapróf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Svindlpróf <sup>4</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Gagnapróf <sup>5</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Sýnipróf <sup>6</sup>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Munnleg próf	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

**18. Leggðu mat á eigin þekkingu og skilning á eftirfarandi hugtökum. Merktu við á kvarðanum 1-5, þar sem 5 merkir mjög góð þekking og skilningur, en 1 mjög lítil þekking eða skilningur.**

	<u>5</u>	<u>4</u>	<u>3</u>	<u>2</u>	<u>1</u>
-Áreiðanleiki	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
-Réttmæti	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
-Megindlegt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
-Eigindlegt	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
-Hópviðmið	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
-Markviðmiðað	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
námsmat ( <i>criterion-referenced assessment</i> )					
-Leiðsagnarmat	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
( <i>formative assessment</i> )					
-Námsafrakstur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
( <i>learning outcomes</i> )					
-Viðmiðatafla	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
( <i>rubrics</i> )					

**19. Hver ætti helsti tilgangur námsmats að vera að þínu mati?**

---



---



---



---



---

<sup>4</sup> Svindlpróf: Einnig nefnd glósupróf. Nemendur mega hafa glósur með sér í próf, t.d. eitt handskrifað A4 blað.

<sup>5</sup> Gagnapróf: Nemendur mega hafa námsbækurnar sínar með sér í próf og stundum önnur gögn líka.

<sup>6</sup> Sýnipróf: Nemendur fá að sjá prófið í nokkrar mínútur, t.d. daginn áður en þeir eiga að leysa það.

**20. Eru einhver sérstök vandamál sem þú rekur þig helst á í sambandi við námsmat?**

**Hver þá?**

---

---

---

---

---

Að lokum er beðið um nokkrar bakgrunnsupplýsingar sem hjálpa til við að greina þessa könnun.

**21. Hvert er kyn þitt?**

Karl

Kona

**20. Hversu gamall/gömul ertu?**

30 ára eða yngri

31 – 40 ára

41 – 50 ára

51 – 60 ára

61 árs eða eldri

**21. Hversu mörg ár hefur þú starfað sem kennari?**

\_\_\_\_\_ ár

**22. Hversu mörg ár hefur þú kennt við þann grunnskóla sem þú starfar núna í?**

\_\_\_\_\_ ár

**23. Hvaða aldurstigi kennir þú? (Merkja má við fleiri en einn möguleika)**

- Yngsta stigi (1. – 4. bekkur)
- Miðstigi (5. – 7. bekkur)
- Unglingastigi (8. – 10. bekkur)

**24. Hefur þú á síðastliðnum 5 árum sótt námskeið um námsmat?**


- Já
- Nei

Takk fyrir þátttökuna

## Fylgiskjal 9: Niðurstöður námsmatskönnunar


### Mynd 1

1. Við skólann minn er lögð áhersla á að samræma námsmatsaðferðir, þ.e. hvernig er metið. N=92.




### Mynd 2

2. Við skólann minn er lögð áhersla á að samræma matsatriði, þ.e. hvað er metið. N=92.




### Mynd 3

3. Við skólann minn er lögð áhersla á að samræma niðurstöður námsmats, framsetningu og kynningu á þeim (t.d. í formi einkunna). N=92.




### Mynd 4

4. Hvaða vægi hefur eftirfarandi í námsmati við skólann þinn að þínu mati? N=92. Hlutfallslegt vægi reiknað.




## Mynd 5

5. Hversu mikinn sess skipar eftirfarandi í framkvæmd prófa við skólann þinn að þínu mati? Hlutfallslegt vægi reiknað. N=92




## Mynd 6

6. Einstaklingsmiðað nám krefst sveigjanleika í námsmati svo matið þarf að vera bæði huglægt og hlutlægt. N=92.




## Mynd 7

7. Námsmat í skóla fyrir alla/skóla án aðgreiningar (*inclusive school*) er mun erfiðara í framkvæmd en í skóla þar sem nemendur eru á svipuðu þroska- og getustigi og flokkaðir þannig í námi sínu. N=92.




## Mynd 8

8. Aukinn sveigjanleiki í námsmati getur leitt til þess að það verði ómarkvisst og óreiðanlegt. N=92.




## Mynd 9

9. Hlutlægt mat er mikilvægara en huglægt. N=92



## Mynd 10


10. Huglægt mat er mikilvægara en hlutlægt. N=91.






## Mynd 11

11. Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins meginlegt og kostur er (þ.e. áhersla á magn, tölur og mælingar í stað orða). N=92.




## Mynd 12

12. Eftirsóknarvert er að hafa námsmat eins eigindlegt og kostur er (þ.e. áhersla á orð og lýsingar í stað talna og mælinga). N=92.




## Mynd 13

13. Ég vil leggja áherslu á að samræma námsmatsaðferðir (hvernig er metið) við minn skóla. N=91.




## Mynd 14

14. Ég vil leggja áherslu á að samræma matsþætti (hvað er metið) við minn skóla. N=92




## Mynd 15

15. Ég vil leggja áherslu á að samræma niðurstöður námsmats, framsetningu og kynningu á þeim (t.d. form á einkunnum). N=92.




## Mynd 16

16. Hvaða vægi hefur eftirfarandi í framkvæmd námsmats hjá þér?  
Hlutfallslegt vægi reiknað. N=92.



## Mynd 17

17. Hversu mikilvægt er eftirfarandi í framkvæmd prófa hjá þér? N=92.



## Mynd 18

18. Leggðu mat á eigin þekkingu og skilning á eftirfarandi hugtökum. Merktu við á kvarðanum 1-5, þar sem 5 merkir mjög góð þekking og skilningur, en 1 mjög lítil þekking eða skilningur. Hlutfallslegt vægi reiknað. N=92

